

13. gr.

Birting og gildistaka.

Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum sem og á heimasíðum Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar. Reglur þessar eru til leiðbeiningar og skulu stofnanirnar og aðilar á póst- og fjarskiptamarkaði taka mið af þeim frá birtingu þeirra í Stjórnartíðindum.

Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu fyrir 1. mars 2002 taka til athugunar hvort rétt sé að endurskoða þessar reglur.

Reykjavík, 22. febrúar 2001.

Samkeppnisstofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun.

Georg Ólafsson.

Gústav Arnar.

Nr. 266

21. mars 2001

REGLUGERÐ

um námsstyrki úr Fræðslusjóði brunamála.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður brunamála.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkvistarfa.

Í þeim tilgangi skal sjóðurinn veita styrki til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa vegna brunavarna.

3. gr.

Sjóðurinn greiðir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða, aukabókun fyrir umfangsmikil verkefni, laun á námsleyfistíma og veitir styrki til umsækjenda vegna endurmenntunar.

Fræðslusjóðnum er heimilt að standa fyrir námskeiðum vegna framhalds- og endurmenntunar í brunavörnum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Framlag í samræmi við fjárlög hverju sinni.
- Vaxtatekjur og verðbætur.
- Aðrar tekjur.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir á grundvelli umsókna. Brunamálastofnun annast útlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í a.m.k. einu dagblaði sem kemur út á landsvísu.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðendum eða ríkisendurskoðun.

7. gr.

Árlega skal Brunamálastofnun gera skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag sjóðsins og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi vera aðgengileg á heimasíðu Brunamálastofnunar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 138/1993 um Fræðslusjóð brunamála með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun, 21. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, svæðið milli vatns og vegar, Vatnsenda.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 20. mars 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Breytingin varðar eftirfarandi:

1. Afmörkun landbúnaðarsvæða og opinna svæða breytist og inn koma íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota.
2. Gönguleiðum og reiðleiðum á svæðinu fjölgar, en hluti reiðleiðar á vesturhluta svæðisins fellur út.
3. Bætt er við undirgöngum við Vatnsendaveg.
4. Elliðavatn fari undir bæjarvernd (hverfisvernd) í samræmi við gr. 4.22 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Bæjarvernd Elliðavatns verði liður í endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2000-2012, en stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári.
5. Með tilvísan í gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 verði afmarkað belti meðfram Elliðavatni sem verði að jafnaði 50 metra breitt, einskonar helgunarsvæði vatnsins og þar verði ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 20. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.